

---

# DEILISKRÁNING FORNLEIFA Í LANDI LITLA-BOTNS Í HVALFIRÐI

---



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1033-25061

---



*Á forsíðumynd er varða BO-001:009\_04, horft til suðvesturs.  
Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3408

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 12 ha deiliskipulagsreits í landi Litla-Botns í Hvalfiði. Töluverð uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu. Byggja á hótél, lítil gestahús og viðburðarhús ásamt starfsmannahúsi, gróðurhúsi, veitingarekstri og náttúruböðum. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd Iceland Natural Connections ehf. í mars 2025. Fjórar minjar voru skráðar innan úttekta svæðis en aðrar tvær rétt utan þess. Minjaheildin samanstendur af einni leið og fimm vörðum. Allar minjarnar voru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en með því að taka tillit til þeirra við skipulag og sýna aðgát við framkvæmdir má komast hjá raski á þeim öllum.

*Efnisorð:*

*Deiliskráning, Fornleifastofnun Íslands, Litli-Botn, vörður, Hvalfjarðarsveit.*

## Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey within a 12-hectare assessment area at Litli-Botn in Hvalfjörður. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of Iceland Natural Connections ehf. as part of project planning for a proposed tourist accommodation, both cabins and a hotel, a service center, a greenhouse and geothermal baths. A total of four archaeological sites were identified within the area, along with two additional sites located just a few meters outside its boundary, comprising one route and five cairns. The sites are all considered to be at high risk due to the planned construction, but by taking them into account during planning and exercising caution during the construction phase of the work, it should be possible to avoid disturbing any of them.

*Keywords:*

*Detailed survey, Institute of Archaeology (Iceland), Litli-Botn, cairns, Hvalfjarðarsveit.*




## Efnisyfirlit

|                                        |    |
|----------------------------------------|----|
| 1. Inngangur                           | 6  |
| 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf | 8  |
| 3. Aðferðir við fornleifaskráningu     | 10 |
| 4. Fornleifaskrá                       | 12 |
| 5. Niðurstöður                         | 16 |
| 6. Heimildir                           | 18 |
| Viðauki I: Minjakort                   | 19 |

## 1. Inngangur

Í mars 2025 vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu innan 12 ha deiliskipulagssvæðis í landi Litla-Botns í Hvalfirði fyrir hönd Iceland Natural Connections ehf. Skráningin var gerð vegna fyrirhugaðra áforma um byggingu hótels,



*Mynd 1: Yfirlitsmynd af deiliskráningarsvæðinu. Á innfelldu korti er staðsetningin sýnd á Íslandskorti.  
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Náttúrubaða, gestahúsa og viðburðarhúsa ásamt því að byggja starfsmannahús og gróðurhúsog halda úti veitingarekstri. Úttektasvæðið er í halla til norðausturs. Það mosagróið og grýtt auk þess að vera gróið birki að talsverðu leyti. Uppi eru áætlanir um að styrkja birkiskóginn og annan gróður á svæðinu samhliða framkvæmdunum.

Norðaustast á úttektarsvæðinu er mosa- og lyngivaxið klapparholt, kallað Vörðuholt, sem rís greinilega úr umhverfi sínu (sjá mynd 1). Svæðið er óraskað að mestu.

Árið 1999 gerði Fornleifastofnun Íslands samning við fjögur sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar um aðalskráningu fornleifa. Það voru Mela- og Leirársveit, Skilamannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur. Fornleifaskráningin í Hvalfjarðarstrandarhreppi var seinasti hluti þessarar stóru skráningar og kom sú skýrsla út árið 2003. Litli-Botn var ein þeirra 26 jarða sem þá voru teknar út og byggir skráning 2025 á grunni eldri skráningar.<sup>1</sup>

Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi, undir stjórn Elínar Óskar Hreiðarsdóttur. Farið var á vettvang á björtum en votum degi í mars og svæðið þaulgengið í leit að minjum. Viðast fékkst ágætis yfirsýn en á köflum var talsverður kjarr og birkigróður. Í slíkum tilfellum var reynt að ganga í gegnum gróðurinn þar sem hægt var og horfa yfir slík svæði eins og framast var unnt. Eins og venja er með svæði með þéttum birki og kjarrgróðri er aldrei hægt að leita af sér allann grun en góð yfirsýn fékkst þó yfir svæðið á vettvangi. Samanlagt fundust fjórar fornleifar innan marka úttektasvæðis, leið og þrjár vörður. Tvær vörður til viðbótar voru skráðar innan 10 m utan marka úttektarsvæðisins því þær hafa að öllum líkindum tilheyrt sömu leið. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi, af Brynju. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

---

<sup>1</sup> Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson, 2003.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk


Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fiersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-001:001). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem

skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93 og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-001:036). Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í þessari deiliskráningu var gengið skipulega um úttektarsvæðið, allir minjastaðir voru hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar um með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í stórhættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## 4. Fornleifaskrá

### BO-001 Litli Botn

#### Sögulegar heimildir

"En um vórit keypti [Geirr] land í Neðra-Botni ok færði þangat bú sitt, ok var all gagnsamt." Harðar saga, ÍF XIII, 49.  
"Litlu síðar fór Hörðr í Botn með allt sitt til Geirs, fóstbróður síns ... Þeim varð kostnaðarsamt þau misseri, því at minni urðu tilföng en þurfti, en Geirr gáði nú verr búsyslu en áður. Þjuggust þá upp kvikfén, svá at um aumarit eptir fæddi varla búféit fólkit. Um haustit eptir vóru upp höggvin öll kvikfén gersmliga utan fáar einar kýr." Harðar saga, ÍF XIII, bls. 58- 59.

"Öll vóru hús upp tekin í Botni at viðum ok flutt út í Hólum." Harðar saga, ÍF XIII, bls. 65.

**21.5.1554** fá Guðleif og Þórey Ólafsdætur jörðina Neðra Botn, 16 hdr, í arfaskipti eftir föður sinn Ólaf Narfason. DI XII, bls. 709.

**12.2.1570** gefur Guðleif Ólafsdóttir bónda sínum Eyjólf Magnússyni eldra 8 hdr er hún átti í Botni í Hvalfirði fyrir sunnan land. DI XV, bls. 378.

**10.7.1570** er Þórey Ólafsdóttir viðstödd gjörning í Botni og bendir það til að hún hafi þá búið þar ásamt manni sínum Arngrími Björnssyni. DI XV, bls. 419-20.

**1706:** 16 hdr., Bændaeign. JÁM IV, bls. 6.

**1847:** 16 hdr., Bændaeign. JJ, bls. 105.

#### Landkostir

**Túnakort 1920:** Tún 63,307m<sup>2</sup>. 1/17 þýft. Garðar 800 m<sup>2</sup>.

„Afrjettarland lítið á jörðin, og brúka það heimamenn fyrir sitt eigið fje, en ljá ekki öðrum. Skóg á jörðin hjálplegan til kolgjörðar og eldiviðar, og ljá hann eigendur, og þó ei almörgum, en brúka fyrir sína þurft. [...] Torfrista og stúnga valla nýtandi. Móskurður til eldiviðar lítill og slæmur, brúkast ekki. Laxveiði og silúnga hefur nokkur verið en þver mjög og iðkast ei. Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, er hún langt frá, og sá vegur af, sem til selsins lá, so nú má ófært kalla á háskalegum gljúfurs barmi, so nú er sá kostur frá jörðinni. Vatnsból þrýtur um vetur til stórbaga.“ JÁM IV, bls. 8.

**BO-001:009\_01** Vörðuholt gata leið

A 386744 N 434067

"Örnefni milli Mígandalækjar og Hólmagarðslækjar eru neðst upp af Bláhyl, Bláhylsholt, en ofar Vörðuholt austan við Mígandalækinn...", segir í örnefnaskrá. Þrjár vörður eru á Vörðuholtinu og aðrar tvær rétt suðaustan og austan þess. Vörðurnar marka leið og eru einu ummerki hennar. Vörðuholt er klapparholt sem rís töluvert úr umhverfi sínu, hálfgróið mosa. Holtið sést víða að, eins er góð útsýn af holtinu; bæði inn Botnsdalinn og út á Hvalfjörðinn, yfir Þyrilsnesið. Neðan holtisins og á því er þétt birkikjarr. Leiðin sést ekki á yfirborði. Vörðurnar fimm, 02-06, benda þó til þess að þarna hafi eitt sinn verið leið. Vörðurnar liggja í röð í hlíðinni frá norðvestri-suðausturs en varða 06 er aðeins norðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda**Heimild:** Ö-Litli Botn JÞ, 2.**BO-001:009\_02** Vörðuholt varða samgöngubót

A 386742 N 434069



Varða BO-001:009\_02, horft til norðvesturs.

Varða 01 er um 60 m austan við Mígandalækinn, sem sést rétt ofan við afleggjara inn í Hvalfjarðarbotn, skammt eftir að beygt hefur verið austur út af þjóðvegi. Varðan er um 1,6 km VNV af bæ 001 og um 1 m norðvestan marka úttektarsvæðisins. Varðan er norðarlega á brún Vörðuholtisins. Hún er um 0.8 m á hæð og tæpur 1 m í þvermál. Í vörðunni eru um 4 umför af mosavöxnu grjóti. Efsti steinn vörðunnar hefur verið málaður appelsínugulur af framkvæmdaraðilum til að hægt væri að staðsetja hana á loftmynd. Hún var fyrst skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2003 en var heimsótt aftur við skráningu 2025. Eins og fyrr segir er talið líklegast að varðan sé samgöngubót, hafi verið hluti af leið um svæðið, eins og vörður 03-06.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda**BO-001:009\_03** Vörðuholt varða samgöngubót

A 386793 N 434011



Varða BO-001:009\_03, horft til suðausturs.

Varða er á Vörðuholti um 160 m austan við Mígandalækinn og um 1,6 km VNV af bæ 001. Varðan hefur hrunið og er nú eftir lítil grjóthruga á suðvesturbrún klapparholtsins, um 75 m suðaustan vörðu 02. Varðan er um 0.5 m á hæð og um 1 m í þvermál. Í henni eru aðeins 2 umför af smáu mosavöxnu grjóti, svipað því sem liggur umhverfis hana.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

BO-001:009\_04 Vörðuholt varða samgöngubót

A 386823 N 433981



Varða BO-001:009\_04, horft til suðausturs.

Varða 04 er staðsett á Vörðuholti um 190 m austan við Mígandalækinn og um 1,6 km VNV af bæ 001. Varðan er á suðurbrún holtsins, um 40 m suðaustan vörðu 03. Hún er reisuleg og hæst varðanna á holtinu. Í henni eru um 6 umför af mosavöxnu grjóti og er hún um 1,3 m á hæð og 1,5 m í þvermál. Grjótið í botni vörðunnar er stæðilegra en það sem er í efri hluta hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

BO-001:009\_05 varða samgöngubót

A 386905 N 433899



Varða BO-001:009\_05, horft til suðausturs.

Varða 05 er í hlið um 1.5 km VNV af bæ 001 og um 280 m austan við Mígandalækinn. Hún er um 115 m suðaustan vörðu 04. Varðan er á mosavaxinni klöpp suðaustan Vörðuholts og sést vel til varðanna á holtinu af henni. Umhverfis klöppina er lyng og birkiskógur. Varðan er hruninn að mestu leyti og líkist nú frekar grjóthrúgu en stæðilegri vörðu. Í henni eru stórir og stæðilegir steinar. Ekki er hægt að greina umför í vörðunni vegna hruns. Hún er um 0,4 m á hæð og um 2 x 1,5 m að grunnfleti. Efsti steinn vörðunnar hefur verið málaður appelsínugulur af framkvæmdaraðilum til að hægt væri að staðsetja hana á loftmynd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Varða BO-001:009\_06, horft til ASA.

Varða er á holti um 1.4 km VNV af bæ 001 og um 350 m austan við Mígandalækinn. Hún er um 8 m norðaustan marka úttektasvæðisins og um 60 m norðaustan vörðu 05 en hvorug þeirra er á Vörðuholti líkt og vörður 02-04. Varðan er á mosavaxinni klöpp ASA Vörðuholts og sést vel til hinna fjögurra varðanna af henni. Umhverfis klöppina er lyng og birkiskógur. Líkt og varða 04 þá er hrunin að hluta svo nú er þar aðeins hrúga af stóru mosavöxnu grjóti. Ekki er hægt að greina umför í henni vegna hrunsins. Grjóthrúgan er um 0.6 m á hæð og er grunnflötur hennar um 1,5 x 1m að stærð. Tveir steinar í vörðunni hafa verið málaðir appelsínugulir af framkvæmdaraðilum til að hægt væri að staðsetja hana á loftmynd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## 5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar deiliskráning innan 12 ha úttekta svæðis í landi Litla-Botns. Úttektarsvæðið er um 1,5 km vestan gamla bæjarins á Litla-Botni og um 1,2 km utan marka gamla túnsins. Svæðið hefur því verið hluti af úthögum jarðarinnar. Svæðið er í nokkrum halla til suðvesturs og hefur lengi verið vaxið kjarri og birkiskógi. Það hefur líklega nýst helst fyrir útbeit. Eina örnefnið sem bendir til mannvistar innan svæðisins er Vörðuholt<sup>2</sup> og ekkert sem bendir til annarra mannvirkja svo vitað sé.

Við vettvangsvinnu voru skráðar fjórar fornleifar innan úttekta svæðisins, leið og þrjár vörður á henni. Tvær aðrar vörður voru skráðar rétt utan úttekta svæðisins því þær hafa tilheyrt sömu leið. Fjöldi minjanna bendir til að um svæðið hafi legið leið sem var skráð sérstaklega þótt ekki sjáist lengur ummerki um hana innan svæðisins. Vörðurnar voru allar norðarlega á úttekta svæðinu, á klapparholti. Fjórar þeirra liggja í röð þvert yfir úttekta svæðið, í stefnuna norðvestur-suðaustur. Fimmta varðan er svo svolítið norðar og utan úttekta svæðisins en hefur án efa verið hluti af sömu leið. Vörðurnar voru í misgóðu standi. Sumar þeirra eru alveg hrundar og eru nú aðeins grjóthrúgur en aðrar standa nokkuð vel. Ástæður þess að sumar af vörðunum eru nú alveg hrundar eru líklega þær að vörðurnar eru berskjaldaðar, standa á holtum eða klöppum og má ætla að vindar, frost og snjóalög hafi smá saman unnið á þeim.

Rétt sunnan úttekta svæðisins lá þjóðleið samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910 og hefur hún legið þar sem Botnsvegur liggur nú.<sup>3</sup> Engin önnur leið á svæðinu er merkt á kortið en þó bera vörðurnar vitni um að ferðast hefur verið um svæðið á þessum slóðum í hlíðinni og að úttekta svæðið hafi verið innan samgöngukerfis svæðisins á fyrr öldum. Vörðurnar flokkast því sem samgöngubót. Ekki sáust fleiri vörður utan úttekta svæðis en bikiskógurinn gæti hafa skyggt á þær. Ekki er vitað hvort sú leið sem vörðurnar bera vitni um var fjölfarin eða hugsanlega aðallega nýtt af ábúendum jarðarinnar á ferðum um

---

<sup>2</sup> Ö-Litli Botn JP, 2.

<sup>3</sup> Herforingjaráðskort 1910.

landareign sína, t.d. við smölun og rekstur. Þar að auki er ekkert vitað um aldur varðanna en líklegt er að þær séu frá síðustu öldum.

Allar fornleifar sem skráðar voru innan marka úttektarsvæðisins voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Tvær fornleifar reyndust hins vegar fast utan markanna en þar sem hluti af helgunarsvæði þeirra (15 m) var innan skipulagsmarka voru þær taldar í almenntri hættu vegna framkvæmdanna. Rétt er að undirstrika að þó að minjar séu flokkaðar í hættu eða stórhættu vegna framkvæmda þýðir það hvorki að hættan sé óhjákvæmileg né óyfistíganleg. Þvert á móti er hættumatinu fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir geti ógnað umræddum minjastöðum til að tryggja það að tekið sé tillit til þeirra, bæði á skipulags- og framkvæmdarstigi og til að vekja athygli minjayfirvalda á stöðunum. Í mörgum tilfellum reynist því unnt að tryggja varðveislu fornleifa og er ljóst að í tilfelli framkvæmda á Litla-Botni er stefnt að því að raska engum fornleifum.

Með skráningunni hafa allar minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða af yfirborðsummerkjum hafi verið skráðar og ólíklegt má teljast að áður óþekktar fornleifar komi í ljós við framkvæmdir vegna staðsetningar framkvæmdarsvæðisins. Ljóst er að vörðurnar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en vel má vera að hægt sé að taka tillit til þeirra við útfærslu framkvæmda. Ef ljóst þykir að vörður þurfa að víkja vegna uppbyggingar á svæðinu er það Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar megi víkja vegna framkvæmda.

## 6. Heimildir

- Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.
- Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2003. *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandahreppi*. FS214-00034. Fornleifastofnun Íslands.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.
- ÍF:** *Íslensk fornrit*. 1935–2002. I–XVII. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM IV:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. IV bindi. (1925-1927). Borgarfjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafjelag.
- JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Lög um menningarminjar* 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Óprentaðar heimildir:

- Herforingjaráðskort 1910:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). (Blað 36 SV Botnsheiði - Kjós). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>
- Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands*. 2025.
- Túnakort 1920:** Túnakort Litla-Botns. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.
- Ö-Litli-Botn JP:** Örnefnaskrá Litla-Botns. á.á. Jón Þorkellsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.
- Ö-Litli-Botn AG:** Örnefnaskrá Efranness. 1971. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

## Viðauki I: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.. Afmörkun úttektarsvæðis er sýnd með gulri línu.

